

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skv. viðauka í samþykkt, nr. 64/2025, um breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, er eftirfarandi óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi samþykkt:

Víkurheiði, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 12. febrúar 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi athafnalóða við Víkurheiði á Selfossi. Tillagan tekur til breytinga á nýtingarhlutfalli á lóðunum 3, 5, 13, 17 og 21 sem lækkað er í 0,3.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 14. febrúar 2025.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2025